



Alþingi
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Kirkjustræti
101 Reykavík

Reykjavík, 27. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra laga um verðbréfasjóði, 699. mál

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) þakka fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um verðbréfasjóði sem ætlað er að innleiða í íslenskan rétt tilskipun 2014/91/ESB um verðbréfasjóði (UCITS) og tilskipun 2010/78/ESB að því er varðar verðbréfasjóði (Omnibus I).

SFF fagna því að frumvarp þetta sé komið fram á þinginu. Mikilvægt er að innlendir verðbréfamarkaður starfi eftir alþjóðlega viðurkenndri umgjörð sem er sem líkust því sem gerist í Evrópu. Það gerir íslensk fjármálafyrirtæki samkeppnisfærari, getur opnað fyrir aðgang þeirra að stærri mörkuðum í öðrum löndum og einnig greitt fyrir aðgengi erlendra þátttakenda á íslenskum markaði. Því er mikilvægt að löggjafinn tryggi að ekki verði lögfest séríslensk ákvæði, hvort sem þau ganga lengra eða skemur en EES-reglur, nema ríkar ástæður séu til þess.

Séríslensk óhæðisskilyrði stjórna rekstrarfélaga

Í frumvarpinu er fjallað um óhæði stjórnarmanna rekstrarfélags frá móðurfélagi. Vegna smæðar íslenska markaðarins verður ákvæðið meira íþyngjandi hér á landi en á stærri mörkuðum. Óska SFF eftir að kannað verði sérstaklega hvort möguleikar séu á því að taka tillit til íslenskra aðstæðna hvað það varðar.

Í 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um óhæði stjórnarmanna rekstrarfélags verðbréfasjóða frá móðurfélagi þess og er ákvæðið að þessu leyti sambærilegt við 2. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. 15. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Þessi ströngu séríslensku ákvæði um óhæði komu inn í lögin eftir efnahagshrunið 2008 til þess að tryggja með vísan til 25. gr. UCITS tilskipunarinnar að rekstrarfélög væru óháð í störfum sínum og hefðu ætíð hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Ákvæðinu var ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem upp geta komið og auka trúverðugleika rekstrarfélaganna. Vonir aðildarfélaga SFF stóðu til að hægt yrði að draga úr þessum séríslensku kröfum á grundelli laga nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. sem lögfestu evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði í þeim tilgangi að vernda hagsmuni almennings og fjármálamarkaðarins með því að stuðla að stöðugleika og heilbrigði fjármálakerfisins á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins“. Á grunni

Þeirra laga ber yfirvöldum og fjármálafyrirtækjum að fara eftir viðmiðunarreglum og almennum tilmælum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA). Meðal þeirra viðmiðunarreglna sem EBA hefur sett eru viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2017/11) (hér eftir „viðmiðunarreglurnar“). Þær tóku gildi 30. júní 2018 og tóku við af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja. Í nýju viðmiðunarreglunum fólst m.a. sú áherslubreyting að viðmiðunarreglurnar gilda ekki einungis um fjármálafyrirtæki ein og sér heldur til samstæðu fjármálafyrirtækis. Ber stjórn móðurfélags ábyrgð á stjórnarháttum samstæðunnar. Í stuttu máli má segja að viðmiðunarreglunum sé ætlað að sjá til þess að samræmis sé gætt í innra stjórnskipulagi fjármálafyrirtækja til samræmis við gildandi lög og girða fyrir þá veikleika sem kunna að leynast í stjórnarháttum og geta leitt til óþarfrar eða óviðeigandi áhættutöku í fjármálakerfinu. Með því að fylgja reglunum er einnig talið líklegt að hægt sé að bregðast fyrr við mögulegum skaðlegum áhrifum slæmra stjórnarhátta. Þannig er til að mynda tekið fram að stjórnskipulag fjármálafyrirtækis á ekki að vera þannig úr garði gert að það geti hindrað getu stjórnar þess til að stýra áhættu eða hafa umsjón með áhættuþáttum samstæðunnar í heild. Þess skal jafnframt gætt að innbyrðis tengsl félaga innan samstæðu, hvort sem það er vegna viðskipta eða annars, leiði ekki til þess að stjórnskipulagi fjármálafyrirtækisins sé stefnt í voða eða það bitni á eftirliti með áhættu samstæðunnar.

Þrátt fyrir framangreint er í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar bætt við ákvæði 2. mgr. 15. gr. frekari takmörkunum með því að leggja til að takmörkunin gildi einnig um stjórnarsetu allra starfsmanna vörsluaðila og rekstrarfélaga en ekki eingöngu lykilstarfsmanna eins og nú er. Er það gert á grunni 21. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skyldur vörsluaðila.

Vegna smæðar íslenska fjármálamarkaðarins háttar svo til hér á landi að bankar með víðtæk starfsleyfi, sem oftast eru móðurfélög rekstraraðila verðbréfasjóða, starfa líka sem vörsluaðilar. Framangreind ESB-reglugerð virðist ekki taka tillit til þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru hér á landi. Verði ákvæði 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins óbreytt að lögum mun það leiða til þess að móðurfélag getur ekki falið neinum starfsmanni sínum að sitja í stjórn rekstrarfélags. Það mun leiða til uppstokkunar í stjórnnum og stjórnarháttum margra rekstrarfélaga. Um leið kann það að gera móðurfélagi í samstæðu erfiðara að uppfylla skyldur sínar samkvæmt framangreindum viðmiðunarreglum EBA. Telja verður sú skipan sem er í dag að meirihluti stjórnar skuli vera óháður náí fyllilega því markmiði sem að er stefnt. Náí framangreindar breytingar fram að ganga er í raun ákvæði um óhæði nánast marklaust þar sem flest móðurfélög rekstrarfélaga geta hvort sem er ekki skipað neinn af starfsmönnum sínum í stjórn rekstrarfélagsins. Jafnframt er mikilvægt að geta skipað stjórnir rekstrarfélaga með aðilum sem þekkja fjármálamarkað vel. Útilokar fyrirhuguð breyting stóran hóp hæfra einstaklinga til þess að sitja í stjórnnum rekstrarfélaga.

SFF vilja með umsögn þessari vekja sérstaka athygli þingsins á áhrifum fyrirhugaðrar

lagasetningar að þessu leyti og um leið fara þess á leit að kannað verði til hlítar hvort einhver grundvöllur sé fyrir því samkvæmt EES-rétti að draga úr þeim ströngu kröfum sem hér er lýst. Ein leið gæti verið að tryggja skuli að sá starfsmaður móðurfélags sem sæti í stjórn rekstrarfélags kæmi á engan hátt nálægt verkefnum tengdum vörslu hjá því félagi sem hann starfar hjá.

Gildistaka

Í frumvarpinu er lagt til að lögin taki gildi 1. júní 2021 eða eftir rúman mánuð. Það er of skammur aðlögunartími fyrir rekstrarfélögin til að aðlaga starfsemi sína að nýrri heildarlöggjöf. Ef til þess kemur að ný löggjöf leiði til þess að gera þurfi breytingar á stjórnnum rekstrarfélaga, eins og fjallað er um hér að framan, er ógerningur að ná því fram með svo skömmum fyrirvara. Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2022.

F.h. SFF



Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur